



Landsvirkjun

Bryndís Hlöðversdóttir

Ávarp stjórnarformanns

Ársfundur Landsvirkjunar

16. apríl 2010

Fjármálaráðherra, góðir ársfundargestir.

„Náttúrusýn Íslendinga hefur lengi staðið á eins konar krossgötum, þar sem tveir hugmyndastraumar mætast. Í annan stað er rómantísk og tilfinningaþrungin ást á landinu og í hinn þráin eftir lífskjörum sem jafnast á við þau sem best gerast í nágrannalöndunum - til að gera þann draum að veruleika hafa menn helst litið til nýtingar náttúruauðlindanna, hvort sem er á landi eða á hafinu í kringum landið.“

Svo komast sagnfræðingarnir Unnur Birna Karlsdóttir og Guðmundur Hálfðánarson að orði í grein sinni um náttúrusýn og nýtingu fallvatna, sem birtist í afmælisriti Landsvirkjunar sem gefið var út árið 2005 í tilefni af 50 ára afmæli fyrirtækisins. Það má svo sannarlega segja að Landsvirkjun hafi frá því að fyrirtækið var stofnað, verið í brennidepli umræðu um það í hvaða mæli væri rétt að nýta auðlindir landsins til bættra lífskjara landsmanna og hefur það verið reyndin jafnt á uppgangs- sem krepputímum.

Hin eilífa togstreita á milli hinnar rómantísku sýnar á náttúruna um gildi hennar í sjálfu sér annars vegar og nýtingarmöguleikanna hins vegar, er enn til staðar, þótt vissulega hafi einstakir skoðanastraumar tekið breytingum og ný sjónarhorn haldið innreið sína.

Í seinni tíð hefur andstaðan við skefjalausa nýtingu náttúruauðlindanna ekki aðeins verið borin uppi af rómantik og tilfinningu gagnvart fegurð náttúrunnar, heldur hafa bæst við sjónarmið um að með ofnýtingu náttúruauðlinda ógni maðurinn eigin tilvist og lífsskilyrðum á jörðinni, auk þess sem nýjum viðhorfum um tilvist mannsins á jörðinni yfir höfuð hefur vaxið ásmegin. Þau viðhorf byggja á því að maðurinn sé ekki herra jarðarinnar, eins og mannskepnan hafði almennt álitnið sig vera, heldur einn hlekkur í keðju náttúrunnar, hluti af flóknu vistkerfi sem beri að umgangast af virðingu.

Togstreitan sem hér er lýst hefur birst með skýrum hætti í umræðu síðustu áratuga um vatnsaflsvirkjanir og gildi þeirra, og Landsvirkjun var þá eins og nú í þungamiðju stjórn málaumræðunnar um möguleika landsmanna til að styrkja lífskjör sín, efla atvinnustig, bregðast við ójafnvægi í byggðaðróun og almennt séð að auka samkeppnishæfni þjóðarinnar.

Fyrirtækið, sem stofnað var árið 1965 til að byggja og reka orkumannvirki í þágu almennings og iðnaðar, hefur ávallt í hugum landsmanna leikið stórt hlutverk í uppbyggingu samfélagsins.

Í áðurnefndri sögu Landsvirkjunar rekur Sigrún Pálsdóttir forsögu að stofnun fyrirtækisins og bendir á að í upphafi 7. áratugarins, þegar viðreisnarstjórnin var nýtekin við stjórnartaumum, hafi markmið hennar verið að stýra gagngerrri kerfisbreytingu á íslensku efnahagslífi eftir áralangan haftabúskap og úrelta stjórn peningamála. Efnahagsaðgerðir skyldu beinast að því að gera Ísland hæft til þátttöku í nýju efnahagsumhverfi heimsins, heimi vaxandi alþjóðaviðskipta þar sem öflug þátttaka í mótun alþjóðasamfélagsins og virk aðild að alþjóðlegum stofnunum var talinn sjálfsagður hluti af verkefnum þjóðríkisins.

Stofnun Landsvirkjunar var í hugum margra mikilvægur liður í að efla samkeppnishæfni íslensks samfélags á sínum tíma, og enn þann dag í dag er litið til fyrirtækisins á erfiðum tímum, og nægir þar að vísa til nýlegs stöðugleikasáttmála, þar sem Landsvirkjun er ætlað að leika lykhillutverk við efnahagslega endurreisn landsins úr rústum efnahagshrunsins.

Landsvirkjun hefur þannig gegnt mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi allt frá upphafi, en það þýðir ekki að fyrirtækið hafi setið á friðarstóli. Þvert á móti hefur Landsvirkjun á köflum verið í þungamiðju þeirra átaka sem átt hafa sér stað um auðlindanýtingu landsins.

Á stundum hefur mátt skilja af umræðunni að það sé Landsvirkjun, en ekki stjórnvöld hverju sinni, sem móti stefnu þjóðarinnar í auðlindanýtingu og náttúruvernd, sem er auðvitað mikill misskilningur. Slíkar ákvarðanir eru pólitískar og þær eru teknar á vettvangi ríkisstjórnar og Alþingis og Landsvirkjun vinnur í samræmi við þá stefnu sem stjórnvöld reka hverju sinni í þessum efnunum. Það þýðir ekki að fyrirtækið hafi ekki á grundvelli þeirrar sérfræðipækkingar sem það býr yfir skoðanir á því hvað skynsamlegt sé að gera hverju sinni. En pólitíska stefnumótunin er stjórnvalda, ekki fyrirtækisins.

Landsvirkjun stendur í dag á tímamótum. Að loknu miklu framkvæmdatímabili, sem gekk nærri fyrirtækinu í margvíslegum skilningi, hefur hlutverk og stefna Landsvirkjunar verið tekin til endurskoðunar á vettvangi stjórnar og stjórnenda fyrirtækisins. Í mótun er framtíðarsýn sem kallast á við nýja tíma, sem byggir á nýjum tækifærum og ef til vill annarri sýn en áður á hlutverk fyrirtækisins í nútíma þjóðfélagi.

Með því að leggja í slíka stefnumótun erum við ekki að fordæma eða gagnrýna það sem gert hefur verið, það er einfaldlega þannig að nýir tímar kalla á nýja sýn fyrir Landsvirkjun, rétt eins og önnur fyrirtæki í landinu og íslenska þjóð. Eitt meginverkefnið er að skapa sátt um togstreituna á milli nýtingar og verndar náttúruauðlindanna.

Í krafti sérþekkingar sinnar og sögu getur Landsvirkjun lagt mikið til þeirrar umræðu, þótt það hlutverk hvíli að miklu leyti á herðum stjórnvalda, en með aukinni þekkingu á náttúru landsins og skipulagðri faglegri úttekt á náttúrufari þess eru meiri líkur en áður á því að unnt sé að skapa þá sátt sem þarf, landi og þjóð til heilla.

Liður í þeirri sátt er að viðurkenna að maðurinn og verk hans sé einn hlekkur í keðju náttúrunnar, hluti af flóknu vistkerfi sem beri að umgangast af virðingu.

Ég vil í lokin, fyrir hönd stjórnar Landsvirkjunar, bjóða alla sem hér eru saman komnir velkomna til ársfundar fyrirtækisins. Ég vona að sú nýbreytni sem hér er tekin upp, að bjóða til opins ársfundar í tengslum við aðalfund Landsvirkjunar, megi verða til þess að auðga umræðu um orkumál á Íslandi í kominni framtíð.

Með auknu gegnsæi og opinni umræðu um þau stóru álitamál sem orkumálum og nýtingu auðlindanna tengjast, er það mín trú að við getum fíkrað okkur nær sátt um togstreituna eilífu, sem hefur einkennt þennan málaflokk frá upphafi vega.